

221. fundur Umferðarráðs

221. fundur Umferðarráðs var haldinn í Borgartúni 30, miðvikudaginn 23. apríl 2008 og hófst hann klukkan 12:00.

Mættir voru: Kjartan Magnússon, Birna Hreiðarsdóttir, Ástgeir Þorsteinsson, Valdís Steinarrsdóttir, Einar Guðmundsson, Benedikt Eyjólfsson, María Kristín Gylfadóttir, Runólfur Ólafsson, Ólafur Guðmundsson, Knútur Halldórsson, Tryggvi Jakobsson, Guðmundur Haraldsson, Halla Halldórsdóttir, Jón Ólafsson, Sigrún A. Þorsteinsdóttir, Birgir Hákonarson, Auður Þóra Árnadóttir, Jón Haukur Edwald og Guðríður Ólafsdóttir. Gestur var Einar Magnús Magnússon. Sigurður Helgason var fundarritari.

1. Umferðarslys árið 2007

Einar Magnús Magnússon greindi frá helstu niðurstöðum úr skýrslunni. Hann sagði fyrst hver væru markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi til ársins **2016**. Þau eru: Að fjöldi látinna í umferðinni á hverja 100 þúsund íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum, fyrir árið **2016**.

Að fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni lækki að jafnaði um **5%** á ári til ársins **2016**. Miðað er við meðaltal fimm ára á undan.

Hann gat um nokkrar staðreyndir sem skipta máli við skoðun á ástandinu. Í fyrsta lagi kom fram að alvarlegum slysum fjölgar. Slysum á bifhjólamönnum fjölgar. Íslenskir ökumenn standast ekki markmið stjórnvalda annað árið í röð. Þeir sem ekki nota bílbelti eru í mikilli lífshættu. 55% fleiri erlendir ríkisborgarar slasast í umferðinni hér á landi milli ára. Á undanförunum 10 árum hefur umferðarslysum fækkað miðað við ekna km, íbúafjölda og fjölda ökutækja. Mikil fækkun varð á banaslysum í fyrra miðað við 2006. Með því lægsta sem þekktist í Evrópu. Aðeins **1** banaslys varð á höfuðborgarsvæðinu árið **2007** í samanburði við **13** árið áður.

Meirihluti þeirra sem létu lífið í umferðarslysum og voru í bifreið **notuðu ekki öryggisbelti** eða **6 af 11**. Í viðhorfskönnun sem Umferðarstofa lét gera kom fram að u.þ.b. **94,1%** aðspurðra sögðust aldrei hafa ekið án bílbelta utanbæjar síðustu 6 mánuði. Ljóst er því að þau **5,9%** sem hafa ekið án þess að nota öryggisbelti eru í **mikilli lífshættu**. 55% fleiri erlendir ríkisborgarar slösuðust hér á landi í umferðarslysum árið **2007** en árið **2006**. Taka þarf tillit til þess að aukning hefur átt sér stað á heildarfjölda umferðarslysa. Árið **2006** voru erlendir ríkisborgarar **9,8%** af heildarfjölda slasaðra en það hlutfall fór upp í **12,3%** árið **2007**.

Aukningin þar á milli er um **25%** sem líta má á sem raunverulega hlutdeildaraukningu slysa á erlendum ríkisborgurum. Erlendum ríkisborgurum fjölgaði á sama tíma um **15,5%** (tölur Hagstofunnar). Fjöldi erlendra ferðamanna jókst u.þ.b. um **15%** (tölur Ferðamálastofu) 15 létust í umferðinni árið 2007, en voru **31** árið **2006**. **14** létust í dreifbýli en **1** í þéttbýli. Mikil fækkun látinna varð á höfuðborgarsvæðinu. Árið **2006** létust **13** manns í umferðarslysum á höfuðborgarsvæðinu en **1** árið **2007**. **3** létust árið **2007** af völdum aksturs eftir neyslu áfengis og **11** slösuðust alvarlega Samtals slösuðust **82** árið **2007** af völdum aksturs undir áhrifum áfengis. **20%** af banaslysum í umferðinni eru vegna ölvunar.

Það hefur aðeins tvisvar gerst síðan **1970** að færri hafi farist í umferðarslysum en 2007.

Meðaltal næstu fimm ára á undan eru **25** látnir á ári. **11** þeirra sem létust voru í bifreiðum, **3** á bifhjóli og **1** fótgangandi.

2. Heimasíða Umferðarráðs

Birgir Hákonarson fór yfir þær hugmyndir sem fyrir liggja um uppbyggingu síðunnar. Þar yrði forsíða með beinum aðgangi að pistlum og fréttum. Upplýsingar yrðu um Umferðaröryggisáætlun. Þá yrðu þar ályktanir frá fundum Umferðarráðs. Fundargerðir funda ráðsins yrðu birtir með breyttu formi. Þá væri mikilvægt að þar yrðu pistlar frá fulltrúum, ýmis fróðleikur og tenglar á síður um umferðaröryggismál. Að lokum yrði sagt frá Umferðarráði,

sögu þess, tilnefningaraðilum, stjórn og framkvæmdastjóra, lög um ráðið og markmið starfs þess. Gert var ráð fyrir að síðan yrði opnuð við athöfn á 40 ára afmæli hægri umferðar, þann 26. maí.

3. 40 ára afmæli H – dagsins, 26. maí 2008

Sigurður Helgason sagði að stefnt væri að því að minnst þess sögulega viðburðar þegar breytt var í hægri umferð 1968. Einnig væri stefnt að því að varpa ljósi á þróun umferðarmála síðan þá. Hann greindi frá helstu hugmyndum um hvernig breytingarinnar yrði minnst og að áhersla yrði lögð á hlut þeirra sem þar voru að verki. Hann sagði að gert væri ráð fyrir athöfn þar sem breytingin frá 1968 yrði endurtekin á sama stað, á Skúlagötu, framan við gamla útvarphúsið. Leitast verður við af þessu tilefni að haldin verði umferðaröryggisvika í grunnskólum. Stefnt væri að því að fá nemendur og kennara í grunnskólum til að gefa umferðarfræðslu gaum. Hugsanlega væri hægt að halda hjólreiðadaga, hjólaskoðun, setja upp þrautabrautir.

Leitast verður við af þessu tilefni að haldin verði umferðaröryggisvika í grunnskólum Stefnt væri að því að fá nemendur og kennara í grunnskólum til að gefa umferðarfræðslu gaum. Hugsanlega væri hægt að halda hjólreiðadaga, hjólaskoðun, setja upp þrautabrautir.

Einar Magnús Magnússon sagði frá annarri fyrirhugaðri fjölmiðlun vegna afmælisins. Reynt verði að virkja sem allra flesta miðla, þar á meðal dagblöð, útvarp, sjónvarp og fleira.

Fundi var slitið um klukkan 14:00.